

*Tollflokkun

Úrskurður 10/2004

Tollstjóri endurákvæðar gjöld af sendingu sem afgreidd var í SMT afgreiðslu þar sem hann telur að fullgild EUR skírteini hafi ekki legið fyrir þegar afgreiðsla átti sér stað. Kærandi krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurð tollstjóra.

Lög nr. 55/1987 tollalög 16. gr., 21. gr., 99. gr., 101. gr. og 142.gr.

Með bréfi sem dagsett er 25. ágúst 2004 en barst ríkistollanefnd þann 27. s.m. kærir V. úrskurð tollstjóra dagsettan 16. júlí 2004. Í hinum kærða úrskurði er EUR tollmeðferð hafnað á sendingu S ARN 12 06 1 NL RTM W063. Tollstjóri heldur því fram að EUR yfirlýsing hafi ekki legið fyrir er innflutningur vörunnar átti sér stað. Kærandi segir að fullgild EUR yfirlýsing hafi verið til staðar hjá flutningsmiðlara er sá um innflutninginn fyrir kæranda.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að með bréfi embættisins dags. 10. júní s.l., hafi fyrirtækinu verið gerð grein fyrir því að fyrirhuguð væri endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna sendingar, S ARN 12 06 1 NL RTM W063 sem afgreidd var í SMT tollafgreiðslu. Var fyrirvarsmönnum fyrirtækisins gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Innflytjandi hafði nýtt sér tollfríðindameðferð, sbr. reit 14 "EUR YFIRLÝS", við tollskrárnúmer 3209-1009, 3209-9009 og 3214-9009. Ekki lá fyrir nein EUR yfirlýsing skv. fyrirbyggjandi gögnum er bærust frá innflytjanda eins og kveðið er á um að nauðsynlegt sé í samningi Evrópubandalagsins við Lýðveldið Ísland, sem undirritaður var í Brussel þann 22. júlí 1972, og einnig skv. samningi um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningi), sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Því bar innflytjanda að greiða A-toll vegna innflutningsins.

Þá segir í hinum kærða úrskurði tollstjóra að nú hafi embættið móttekið bréf, dags. þann 5. júlí 2004 þar sem meðfylgjandi voru reikningar varðandi ofangreinda sendingu og á þeim er EUR yfirlýsing. Þrátt fyrir fram komin gögn verði embættið að hafna því að þau geti haft áhrif á fyrirhugaða endurákvörðun þar sem ljóst sé að vöruskoðun á vörunni verði ekki við komið þar sem varan hefur verið afhent. Ennfremur sé það framkvæmd embættisins í sambærilegum málum að hafna fram komnum EUR yfirlýsingum eftir tollafgreiðslu á þeim grundvelli að ekki verði við komið vöruskoðun.

Fyrirhuguð endurákvörðun aðflutningsgjalda er byggð á 1. mgr. og 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99. gr. tollalaganna kemur fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákvæða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Í 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga segir, að þegar um SMT-tollafgreiðslu er að ræða, sé tollstjóra heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi.

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna ofangreindrar sendingar er sem hér segir:

Virðisaukaskattur	kr. 12.669,00
Almennur tollur	kr. 51.711,00
<u>Dráttarvextir til 26.06.2004</u>	<u>kr. 46.637,00</u>
Samtals	kr. 111.017,00

Í kæru innflytjanda segir að í júní 2001 hafi fyrirtækið flutt til landsins vörur frá STO AG í Þýskalandi eins og fyrirtækið hafði gert ótal sinnum undanfarin 12 ár. Sendingarnúmer vörunnar var S ARN 12 06 1 NL RTM W063. Flutningsmiðlarafyrirtækið Jónar Transport annaðist tollskýrslugerð fyrir hönd innflytjanda og var varan leyst út og afgreidd snuðrulaust. Það hafi verið svo í ágúst 2003 sem fyrirtækinu hafi borist bréf frá tollstjóra þar sem óskað var eftir gögnum varðandi ofangreinda sendingu. Þar kom fram að afhenda skyldi eftirfarandi gögn; aðflutningsskýrslu, farmbréf, flutningsgjaldareikning og önnur skjöl er varða tollafgreiðsluna ásamt vörureikningi. Umbeðin gögn voru tekin saman og send tollstjóra.

Það sé svo í júní 2004 sem tollstjóri sendi fyrirtækinu bréf og benti á að EUR yfirlýsingu vanti fyrir ofangreinda sendingu og fyrirhugað sé að endurákvarða aðflutningsgjöld af sendingunni. Var forsvarsmönnum fyrirtækisins gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kunni að skipta innan 15 daga. Umbeðin gögn voru send tollstjóra innan gefins frests og taldi kærandi að málinu væri þar með lokið.

Kærandi heldur því fram að öll gögn hafi legið fyrir þegar flutningsmiðlarinn Jónar Transport gerði umrædda SMT tollskýrslu og vísuðu þeir í EUR yfirlýsingu. Af einhverjum óútskýrðum ástæðum fékk tollstjórinn ekki afrit af viðkomandi gögnum og hefur kærandi enga skýringu á því. Nú hafi tollstjóri hins vegar fengið öll gögn í hendur sem óskað hefur verið eftir og því hafi hann enga ástæðu að ætla að aðflutningsgjöld hafi ekki verið rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu.

Kærandi bendir á að fyrirtækið hafi eingöngu flutt inn vörur frá STO AG í yfir 12 ár. Alltaf sömu vörurnar með sömu vörunúmerunum í sömu tollflokkinum. EUR- skírteini eða EUR yfirlýsingar hafa alltaf fylgt með til staðfestingar um uppruna. Þetta ætti tollstjórinn að eiga auðvelt með að staðfesta í sínum gögnum.

Kærandi krefst þess að hinn kærði úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi.

Tollstjóranum í Reykjavík var send kæran til umsagnar með bréfi dags. 30. ágúst 2004. Í svari sem barst nefndinni þann 29. sept. s.á. segir m.a. að engin yfirlýsing um uppruna vörunnar hafi verið í þeim gögnum sem innflytjandi afhenti embættinu í ágúst 2003. Varðandi þá fullyrðingu kæranda að hann hafi flutt inn sams konar vöru og hér er til umfjöllunar í 12 ár með sömu vörunúmerum í sömu tollflokkinum og að EUR. 1 flutningsskírteini eða yfirlýsing á reikningi hafi alltaf fylgt með til staðfestingar um uppruna segir tollstjóri í greinargerð sinni að á árunum 1998 til 2000 hafi kærandi flutt inn nokkrar sendingar með vörum í sömu tollskrárnúmerum og þær sem hér um ræðir. Sendingarnar voru tollafgreiddar með almennri tollmeðferð, þ.e. aðflutningsskjöl voru lögð fram við tollafgreiðslu og séu gögnin því nú í vörslu embættisins. Reikningarnir séu allir sams konar frá fyrirtækinu STO AG og á þeim öllum er yfirlýsing um uppruna vörunnar þar sem uppruni er sagður Evrópusambandið. Yfirlýsingarnar eru með heimildarnúmeri viðurkennds útflytjanda sem er Nr. 4000/EA/004 á öllum eldri reikningum. Á reikningi með sendingunni sem hér er kærð og einnig á reikningi með sendingu S HEG 31 05 0 NL RTM W019 er heimildin hins vegar Nr. DE/4200/EA/0004. Síðan sending S ARN 12 06 1 NL RTM W063 sem mál þetta varðar kom til landsins hefur fyrirtækið einungis tollafgreitt þrjár sendingar. Ein sendingin innihélt einungis einangrunargler, og síðasta sendingin sem fyrirtækið hefur tollafgreitt kom til landsins þann 11. desember 2001 og innihélt eingöngu armbandsúr. Þriðja sendingin með sendingarnúmer S ARN 07 08 1 1 NL RTM W055, innihélt m.a. vörur sem flokkast í sömu tnr. og þær vörur sem hér eru til umfjöllunar en upprunaland þeirra er sagt vera Kína. Sending þessi var þannig tollafgreidd skjallaust með SMT tollafgreiðslu og gögn því í vörslu innflytjanda. Að beiðni embættisins hefur kærandi nú sent embættinu afrit aðflutningsskjala umræddrar sendingar og fylgja þau hjálaga. Þrjár þeirra vörutegunda sem þar eru taldar á reikningi bera sömu vörunúmer og vöruheiti og vörur í sendingunni sem hér er til umfjöllunar. Engin yfirlýsing um uppruna er á þessum reikningi.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að um fríðindameðferð við innflutning vöru frá löndum Evrópusambandsins fari m.a. eftir ákvæðum bókuar 4 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og ákvæðum bókuar 3 við samninginn milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu. Þegar vara á að njóta fríðinda skv. EES samningnum ber að tilgreina uppruna vörunnar sem EES. Á hinn bóginn ber að tilgreina Evrópusambandið eða tiltekið land sem uppruna vörunnar þegar fríðinda er óskað skv. fríverslunarsamningi Íslands og EB. Þar sem yfirlýsingar á reikningi tiltaka Evrópusambandið sem upprunasvæði ætti að beita ákvæðum þess samnings við veitingu fríðindameðferðar við innflutninginn hingað til lands. Ákvæði samninganna eru hins vegar samhljóða og vörusvið að stærstum hluta eins. Í tölvukerfi tollafgreiðslu er hins vegar enginn greinarmunur gerður á því hvort fríðindameðferð við innflutning iðnaðarvara er skv. EES samningnum, samningi Íslands og EB eða skv. EFTA sáttmálanum. Tollatákið E gildir fyrir alla samningana.

Almennar kröfur um fríðindi koma fram í 1. mgr. 15. gr. bókuar 4 við EES samninginn (16. gr. bókuar 3 við samning Íslands og EB) en þar segir að „(v)íð innflutning til eins samningsaðila skulu upprunavörur í skilningi þessarar bókuar njóta hags af samningnum gegn framvísun:

- a) EUR. 1 flutningsskírteinis, samkvæmt fyrirmynd í III. viðauka; eða
- b) í þeim tilvikum sem frá er greint í 1. mgr. 20. gr., yfirlýsingar útflytjanda, en texta hennar er að finna í IV. viðauka, sem gefin er á vörureikningi, afhendingarseðli eða öðru því viðskiptaskjali sem lýsir viðkomandi vöru

nægilega vel til að hægt sé að bera kennsl á hana (hér eftir nefnd „yfirlýsing á vörureikningi“).

Á grundvelli þessa fór innflytjandinn fram á fríðindi með því að tilgreina EUR yfirlýsingu í reit 14 á aðflutningsskýrslu. Sendingin var tollafgreidd með skjallausri tollmeðferð SMT.

Um ábyrgð á þeim upplýsingum fer samkvæmt 1. mgr. 16. gr. tollalaga nr. 55/1987 sem hljóðar svo: „Sá sem sendir tollstjóra aðflutningsskýrslu um vöru með rammaskæti um gagnaflutningsnet vegna SMT-tollafgreiðslu ber ábyrgð á því að upplýsingar, sem þar eru veittar, séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að um sé að ræða allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar og að þær séu byggðar á þeim tollskjölum sem hefði átt að leggja fram með aðflutningsskýrslu ef vöru hefði ekki verið ráðstafað til SMT-tollafgreiðslu.“ Með öðrum orðum yfirlýsingin á reikningi, sem innflytjandi tilgreindi í reit 14 á aðflutningsskýrslunni, hefði átt að liggja fyrir þegar rammaskætið var sent, enda óheimilt að fara fram á fríðindi án þess að geta framvísað upprunasönnun.

Í samræmi við ofangreint gildir sú meginregla við SMT tollafgreiðslur hjá embættinu að innflytjendum ber að hafa upprunasannanir í bókhaldi sínu þegar þeir óska eftir fríðindameðferð en að öðrum kosti leggja fram fjártryggingu við bráðabirgðatollafgreiðslu liggja upprunasönnun ekki fyrir, sbr. 1. mgr. 21. gr. tollalaga.

Tollstjóri óskaði eftir aðflutningsskjölum vegna sendingarinnar með bréfi þann 18. ágúst 2003. Þegar í ljós kom að engin yfirlýsing var í þeim gögnum sem tollafgreiðslan byggði á og innflytjandinn sjálfur tók saman og sendi tollstjóra, tilkynnti hann innflytjanda um fyrirhugaða endurákvörðun aðflutningsgjalda, þar sem í ljós hafði komið að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu, sbr. 1. mgr. 99. gr. tollalaga. Innflytjandinn hefur síðan lagt fram sama reikning en nú með yfirlýsingu um uppruna vörunnar.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að ördugt geti verið að koma að leiðréttingum á fríðindameðferð eftir tollafgreiðslur og verður að meta hvert einstakt tilvik fyrir sig. Eins og fyrr segir er meginreglan sú að upprunasönnun verður að liggja fyrir þegar tollafgreiðsla á sér stað og fríðinda er óskað. Enn fremur að það er innflytjandinn sem ber ábyrgð á að þær upplýsingar sem sendar eru með SMT-aðflutningsskýrslu séu réttar, að það séu allar þær upplýsingar sem fram eiga að koma og að þær séu byggðar á þeim tollskjölum sem hefði átt að leggja fram ef um aðflutningsskýrslu á pappír hefði verið að ræða.

Möguleiki á leiðréttingu eftir tollafgreiðslu fer m.a. eftir því hvort þörf sé á vöruskoðun til að sannreyna réttmæti leiðréttingar og hvort unnt sé að koma henni við. Nú segist kærandi ávallt áður hafa flutt inn sömu vöru frá sama seljanda og ávallt hafi fylgt þeim upprunasönnun. Þessi fullyrðing er rétt hvað varðar þau þrjú ár sem tollstjóri hefur kannað en hins vegar ber á það að líta að þegar með næstu sendingu, eftir þá sem hér er til umfjöllunar, með sömu vörur frá sama seljanda fylgir engin upprunasönnun og upprunaland sagt Kína á aðflutningsskýrslu. Tollstjóri hefði því gjarnan viljað fá tækifæri til að sannreyna uppruna vörunnar með vöruskoðun en því er ekki hægt að koma við nú.

Yfirlýsingar þær um uppruna vörunnar sem gefnar eru á reikningum fyrirtækisins STO AG eru með öðru letri en aðrar upplýsingar á reikningunum. Það er því augljóst að yfirlýsingarnar eru ekki gefnar út samhliða þeim. Það er ekkert í fríverslunarsamningunum sem bannar slíkt enda komi fram undir þeim staður og dagsetning þegar yfirlýsingin er gefin, að auki verður útflytjandinn að undirrita yfirlýsinguna og nafn þess sem það gerir að koma fram með skýrum stöfum. Sjá IV. viðauka við bókun 4 við EES samninginn (IV. viðauki við bókun 3 í samningi Íslands og EB). Gögnin sem fylgdu eldri aðflutningsskýrslum fullnægðu þessum skilyrðum en við yfirlýsingu þá sem nú hefur verið framvísað vegna sendingar S ARN 12 06 1 NL RTM W063, kemur hvorki fram dagsetning undirskriftar né heldur staðurinn þar sem yfirlýsingin er gefin. Ekkert liggur því fyrir sem staðfest gæti að yfirlýsingin hafi legið fyrir við tollafgreiðslu.

Með vísan til þess er að ofan greinir og að öðru leyti með vísan í hinn kærða úrskurð, er þess krafist að úrskurður tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda, dags. 16. júlí 2004, verði staðfestur þar sem sönnun um uppruna vörunnar lá ekki fyrir við tollafgreiðslu.

Til vara er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur þar sem yfirlýsing sú sem framvísað hefur verið, ódagsett og án útgáfustaðar, fullnægir ekki formskilyrðum fríverslunarsamninganna.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi þann 5. október 2004. Í svari sem barst nefndinni 18. s.m. segir m.a. að kjarni málsins hljóti að vera sá hvort tollstjóri hafi haft tilefni til endurákvörðunar á grundvelli 1. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 en þar komi fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákvæða innflytjanda

aðflutningsgjöld ef í ljós komi að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Kærandi telur að tollstjóri hafi ekki haft neinar forsendur til að endurákvæða þar sem öll gögn lágu fyrir þegar Jónar Transport gerði umrædda tollskýrslu fyrir hönd Veggprýði og nú hafi tollstjóri fengið þau í hendur til staðfestingar á því að rétt hafi verið staðið að tollafgreiðslunni í byrjun. Þá telur kærandi það umhugsunarvert að tollstjóri skuli á kæruférlinu vera að afla gagna í málinu hjá kæranda. En starfsmaður tollstjóra hafði samband við kæranda og óskaði eftir gögnum frá honum. Kærandi taldi að þessi starfsmaður tollstjóra væri starfsmaður ríkistollanefndar. Það er svo ekki fyrr en að ríkistollanefnd sendir kæranda greinargerð tollstjóra til umsagnar að kærandi áttar sig á að hann var að senda, eins og hann orðar það, aðila gögn sem var að verja mál tollstjóra í kærinni og spyr hvort það sé eðlilegt að tollstjóri sé að afla gagna til varnar sínum málstað eftir að kæruférlid sé hafið?

Ríkistollanefnd hefur farið yfir þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram í máli þessu. Deilt er um hvort EUR vottorð hafi legið fyrir við tollafgreiðslu vöru þegar hún var afgreidd SMT tollafgreiðslu af flutningsmiðlara. Kærandi telur að öll gögn hafi legið fyrir þegar tollafgreiðsla átti sér stað. Tollstjóri telur hins vegar að fullgild EUR- yfirlýsing hafi ekki legið fyrir þegar SMT tollafgreiðslan átti sér stað.

Kærandi heldur því fram að yfirlýsing um uppruna hafi legið fyrir við tollafgreiðslu vöru frá fyrirtækinu Sto AG. sem flutt var til landsins í sendingu nr. S ARN 12 06 1 NL RTM W063. Innflytjandi ber ábyrgð á að þær upplýsingar sem fram koma í aðflutningsskýrslu séu réttar svo og gögn er að baki þeim liggja. Í 16. gr. tollalaga segir "Sá sem sendir tollstjóra aðflutningsskýrslu um vöru með rammaskýti um gagnaflutningsnet vegna SMT-tollafgreiðslu ber ábyrgð á því að upplýsingar, sem þar eru veittar, séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að um sé að ræða allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar og að þær séu byggðar á þeim tollskjölum sem hefði átt að leggja fram með aðflutningsskýrslu ef vöru hefði ekki verið ráðstafað til SMT-tollafgreiðslu. Þessi málsgrein tekur til innflytjanda og annarra sem ráðstafa vöru til SMT-tollafgreiðslu, auk aðila sem heimild hafa til að skuldbinda þá." Tollstjóri kallaði eftir aðflutningsskjölum varðandi sendingu þá sem hér er verið að fjalla um með bréfi þann 18. ágúst 2003. Í gögnum sem innflytjandi sendi tollstjóra fylgdi ekki upprunayfirlýsing á reikningi. Innflytjandi hefur nú framvísað reikningi með upprunayfirlýsingu. Á þá yfirlýsingu vantar dagsetningu og er því ekki fullgild sönnun fyrir því að vottorðið hafi legið fyrir er tollafgreiðslan átti sér stað eins og haldið hefur verið fram af hálfu kæranda.

Þá spyr kærandi hvort það geti talist eðlilegt að tollstjóri afli gagna hjá kæranda eftir að kæruférlid sé hafið. Þessu er til að svara að með lögum nr. 155/2000 er lögum nr. 55/1987 breytt og tollstjóranum í Reykjavík m.a. falið það verksvið ríkistollstjóra að fara yfir og gefa álit um kærur sem berast ríkistollanefnd sbr. 4. mgr. 101. gr. nefndra laga. Í greinargerð laga nr. 55/1987 segir um þetta ákvæði að ríkistollstjóri komi fram fyrri hönd ráðherra gagnvart nefndinni og skal hann rökstyðja kröfur sínar og rita greinargerð í málum að því marki sem ástæða er talin til. Það að starfsmaður tollstjórans í Reykjavík hafi samband við kæranda á meðan á kæruférlid stendur er því ekki óeðlilegt, hann er að sinna rannsóknarskyldu embættisins skv. lögum.

Mál þetta snýst um það hvort fullgild EUR- yfirlýsing hafi legið fyrir á þeim tíma þegar innflutningurinn átti sér stað, þ.e. mátti innflytjandi m.v. þau gögn sem hann hafði í höndum þá lýsa því yfir að um upprunavöru væri að ræða. Það er mat ríkistollanefndar að þetta hafi honum ekki verið heimilt, enda kemur ekki fram dagsetning í þeirri EUR-yfirlýsingu sem innflytjandi hefur nú lagt fram. Að öðru leyti vísar ríkistollanefnd til rökstuðnings tollstjóra. Það er því niðurstaða ríkistollanefndar að EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í sendingu nr. S ARN 12 06 1 NL RTM W063 er hafnað.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum úrskurðar ríkistollanefnd að EUR meðferð á vörum sem fluttar voru inn í sendingu nr. S ARN 12 06 1 NL RTM W063 er hafnað.